

# Fréttabréf Stapa lífeyrissjóðs

Vor 2021

Frá skrifstofu Stapa

Lykiltölur úr ársreikningi

Ávöxtun tryggingadeildar

Uppbygging lífeyrissparnaðar hjá Stapa

Umsóknir um lán og greiðslumöt verða rafræn

Ákvæði fellt út úr séreignarsamningum

Ert þú með séreignarsparnað?

Sjóðfélagayfirlit – Af hverju?

Ársfundur og ársskýrsla

Flutningur skrifstofu Stapa í Neskaupstað

## Frá skrifstofu Stapa

Þegar viðbragðsáætlun sjóðsins vegna heimsfaraldursins er virk starfar hluti starfsmanna Stapa utan starfsstöðvar og aðgengi að skrifstofum sjóðsins er takmarkað. Þannig hefur tekist að halda daglegri starfsemi sjóðsins í fullri virkni við krefjandi aðstæður. Á undanförunum árum hafa verið tekin markviss skref til að styrkja innviði sjóðsins á öllum sviðum sem hafa eft getu hans til að takast á við atburði á borð við heimsfaraldurinn. Gera má ráð fyrir að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til með það að markmiði að auka vægi rafrænna samskipta innan og utan sjóðsins verði þróaðar áfram sem hluti af hefðbundinni starfsemi. Á næstu árum verða stigin enn stærri skref með aukinni sjálfvirknivæðingu ferla og rafrænum lausnum sem eykur öryggi og bætir þjónustu við hagaðila. Umbótaferlinu lýkur því aldrei enda hefur sjóðurinn metnað til að vera í fremstu röð lífeyrissjóða hvað varðar þjónustu og öryggi.

Árið 2020 var sjóðnum hagfellt hvað varðar ávöxtun en fól í sér miklar áskoranir varðandi daglegan rekstur. Réttindakerfi

Stapa virkar á þann hátt að iðgjaldi sjóðfélaga er varið annars vegar í áfallatryggingar og hins vegar til myndunar réttindasjóðs. Þegar kemur að töku eftirlauna er réttindasjóðnum breytt í ævilangar mánaðarlegar greiðslur skv. töflum í samþykktum sjóðsins. Réttindasjóðurinn ávaxtast eins og hrein ávöxtun eigna sjóðsins. Ávöxtunin er mæld með eignavísitölu Stapa sem hækkaði um 13% á árinu 2020, annað árið í röð. Þetta þýðir að áunninn réttur sjóðfélaga okkar til eftirlauna hækkaði um 13%. Kostnaðarhlutfall sjóðsins hefur aldrei mælst lægra, eða 0,16% og er vel samkeppnisfært við mun stærri lífeyrissjóði.

Þeir sem hafa þurft að leita til sjóðsins hafi sýnt aðstæðum á tímum heimsfaraldurs mikinn skilning. Langflestum erindum við sjóðinn er hægt að sinna með rafrænum hætti og hvetjum við áfram til þess að þær leiðir verði nýttar. Nánar er farið yfir rafrænar þjónustuleiðir í fréttabréfinu auk þess sem fjallað eru um lykiltölur í rekstri ársins 2020, fyrirhugaðar breytingar á sjóðfélagalánum, kosti séreignarsparnaðar og margt fleira.

## Lykiltölur úr ársreikningi

### Breytingar á hreinni eign

	2020	2019
Iðgjöld	13.391	13.087
Lífeyrir	-7.501	-6.666
Hreinar fjárfestingartekjur	34.310	29.434
Rekstrarkostnaður	-465	-429
Hækkun á hreinni eign	39.735	35.427
Hrein eign frá fyrra ári	256.113	220.707
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>295.868</b>	<b>256.133</b>


### Efnahagsreikningur í árslok

	2020	2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	158.534	121.711
Skuldabréf	131.251	127.805
Afleiðusamningar	45	0
Bundnar bankainnistæður	496	807
Kröfur	1.418	1.384
Ýmsar eignir	283	290
Handbært fé	3.967	4.457
Skuldir	-127	-319
Hrein eign til greiðslu lífeyris	295.868	256.133
Hrein eign tryggingadeildar	288.345	249.521
Hrein eign séreignardeildar	7.204	6.422
Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar	319	190
<b>Tryggingafræðileg staða</b>	<b>1,5%</b>	<b>-0,4%</b>
<b>Nafnávöxtun</b>	<b>13,1%</b>	<b>12,9%</b>
<b>Hrein raunávöxtun</b>	<b>9,2%</b>	<b>10,0%</b>

## Ávöxtun tryggingadeildar

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður á árinu var ávöxtun tryggingadeildar árið 2020 góð eða sem nemur 13,1% nafnávöxtun. Á árinu hefur vægi innlendra skuldabréfa í eignasafni Stapa verið lækkað um 5% og vægi erlendra eigna og innlendra hlutabréfa aukist á móti. Breytingin er í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins og langtímamarkmiðs hans um 40% hlutfall erlendra eigna til lengri tíma.

Í kjölfar aukinna smita vegna kórónuveiru á fyrsta fjórðungi ársins og hertra aðgerða stjórnvalda á landamærum lækkuðu verð á hlutabréfum mjög skarpt bæði hérlendis og erlendis. Í kjölfarið gripu seðlabankar og stjórnvöld til fordæmalausra stuðningsaðgerða og lækkunar vaxta til að örva hagkerfin. Þrátt fyrir miklar lækkanir á hlutabréfamörkuðum bæði erlendis og hérlendis í upphafi árs þá endaði árið í að báðar þessar vísitölur hækkuðu verulega á árinu í heild, eða um 25,9% innlend hlutabréf og 16,4% erlend hlutabréf í viðkomandi mynt.



Krónan veiktist töluvert framan af ári en í október hóf Seðlabankinn reglubundna gjaldeyrissölu til að styðja við gengið. Þrátt fyrir þetta inngrip veiktist krónan á árinu um tæp 12%.

Það sem af er ári 2021 hefur ávöxtun verið viðunandi í flestum eignaflokkum, þó sér í lagi í innlendum hlutabréfum. Áfram er mikil óvissa í þróun efnahagsmála hérlendis og erlendis og mun framhaldið ráðast að töluverðu leyti af framvindu farsóttarinnar og bólusetningar á næstu mánuðum.

## Uppbygging lífeyrissparnaðar hjá Stapa

Deild	Iðgjöld launþega sem hlutfall af launum		Ávinningur	Erfist	Úttekt	Ávöxtun
Samtrygging	4%	8%	3,5%	Ævilöng eftirlaun Áfallalífeyrir (örorku-, maka- og barnalífeyrir)	✗	Frá 60 ára Í hlutfalli við ávöxtun sjóðsins
Tilgreind séreign			0- 3,5%*	Sjóður	✓	Frá 62 ára Ávöxtunarleið tilgreindrar séreignar
Séreign			2-4% 2%	Sjóður Skattfrjáls ráðstöfun til kaupa á fyrstu íbúð eða inn á íbúðalán	✓	Frá 60 ára Ávöxtunarleið að vali sjóðfélaga

Launþegi
  Launagreiðandi

\* Valkostur fyrir sjóðfélaga sem falla undir kjarasamninga ASÍ og SA eða ef kveðið er á um það í ráðningarsamningi.

## Umsóknir um lán og greiðslumöt verða rafræn

Unnið er að breytingum á fyrirkomulagi sjóðfélagalána á þann veg að umsóknir verði rafrænar og greiðslumat framkvæmt um leið og sótt er um lán. Breytingin mun taka gildi á næstu vikum. Þetta er liður í aukinni þjónustu við sjóðfélaga og til einföldunar á verklagi hjá starfsfólki.

Lánsrétt eiga sjóðfélagar sem uppfylla eitt eða fleiri af neðangreindum skilyrðum:

- Hafa greitt síðustu 3 mánuði til samtryggingadeildar
- Hafa greitt síðustu 12 mánuði til séreignardeildar
- Eru lífeyrisþegar hjá sjóðnum

Auk þess þurfa sjóðfélagar að uppfylla önnur skilyrði lánareglna.

Nánari upplýsingar um sjóðfélagalán er að finna á [vef sjóðsins](#) en fyrirspurnir má senda á [lan@stapi.is](mailto:lan@stapi.is).





## Ákvæði fellt út úr séreignarsamningum

Athygli er vakin á að ákvæði í séreignarsamningum um ráðstöfun iðgjalda á sérstakt húsnæðissafn hefur verið fellt út. Iðgjöld voru áður færð á húsnæðissafn, þ.e. sérstakt safn óverðtryggðra innlána, ef fyrir lá að sjóðfélagi ætlaði að ráðstafa séreign sinni inn á húsnæðislán. Nú eru iðgjöld færð á þá ávöxtunarleið sem sjóðfélagi hefur valið, hvort sem ætlunin er að ráðstafa inn á húsnæðislán eða ekki. Breytingin hefur ekki áhrif á ráðstöfun séreignar inn á lán.


## Ert þú með séreignarsparnað?

- 2% mótframlag launagreiðanda jafngildir launahækkun
- Heimilt að ráðstafa skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og inn á íbúðalán
- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall


Það er einfalt að hefja séreignarsparnað!

Umsóknir og nánari upplýsingar um séreign og ávöxtun má finna á [vef sjóðsins](#).

### Varfærna safnið



### Áræðna safnið



- Ríkisskuldabréf
- Erlend hlutabréf
- Erlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Skammtímafrétt og innlán

Tölur miðast við ávöxtun árið 2020 og eignasamsetningu 31.12.2020  
Ávöxtun í fortíð hefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð



## Sjóðfélagayfirlit – Af hverju?

Samkvæmt lögum sendir Stapi sjóðfélögum yfirlit vegna iðgjalda tvisvar á ári, að vori og hausti. Allir sjóðfélagar geta fylgst með iðgjaldagreiðslum á [sjóðfélagavef](#). Þeir sem hafa afþakkað pappír á sjóðfélagavef fá yfirlitin eingöngu rafrænt inn á vefinn og tilkynningu í tölvupósti en aðrir fá yfirlitin heimsend á pappír. Við hvetjum sjóðfélaga velja vistvænan kost og [afþakka pappír](#).

Ef iðgjöld vantar á yfirlit þarf að tilkynna það til Stapa með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits. Það er ekki óeðlilegt að á yfirlit vanti tvo síðustu mánuði.

Það er mikilvægt að sjóðfélagar beri yfirlitin saman við launaseðla og hafi eftirfarandi í huga:

### ■ Skilar launagreiðandi réttum iðgjöldum?

Sjóðurinn er einungis ábyrgur fyrir þeim réttindum sem kom fram á yfirlitinu.

### ■ Greiðir launagreiðanda rétt mótframlag?

Mótframlagið kemur fram í sviga fyrir aftan nafn launagreiðanda á yfirliti. Ef vafi er hvert mótframlag á að vera þarf að hafa samband við stéttarfélag.

### ■ Er ávöxtunarleidd séreignarsparnaðar í samræmi við val sjóðfélaga?

Til að velja aðra ávöxtunarleidd þarf að fylla út [umsókn](#) um breytingu á séreignarsparnaði og skila til sjóðsins.

## Ársfundur og ársskýrsla

Ársfundur Stapa verður haldinn rafrænt miðvikudaginn 5. maí kl. 14:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum.

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs leggur til að [breytingar](#) verði gerðar á samþykktum sjóðsins á ársfundinum.

Nánari upplýsingar varðandi fyrirkomulag fundarins munu birtast á heimasíðu sjóðsins.

[Ársskýrsla Stapa](#) vegna ársins 2020 er nýlega komin út. Breytingar voru gerðar á ársskýrslunni árið 2019 þegar ákveðið var að hún yrði eingöngu rafræn. Skýrslan er í vefsíðuformi sem er umhverfisvænna og skapar nýja möguleika í framsetningu á efni.



## Flutningur skrifstofu Stapa í Neskaupstað

Í janúar síðastliðnum flutti skrifstofa Stapa í Neskaupstað í nýtt og glæsilegt húsnæði Múlans að Bakkavegi 5. Múlinn er samvinnuhús en að baki því stendur Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu sem áður hósti verslunina Nesbakka. Í Múlanum verða ýmis fyrirtæki og stofnanir með aðsetur en rýmið í húsinu eru allt frá litlum skrifstofum til stærri rýma með rannsóknaaðstöðu. Þar er einnig fundarherbergi, fundarsalur og sameiginlegt rými með eldhúsaðstöðu.

Þá er einnig ánægjulegt að segja frá því að síðastliðið sumar bættist við eitt stöðugildi á skrifstofu sjóðsins þegar Svala Skúladóttir hóf þar störf. Hjá Stapa í Neskaupstað eru tveir starfsmenn í fullu starfi.



## Rafræn samskipti – Hafðu samband!

Á heimasíðu sjóðsins er hægt að sinna nánast öllum erindum.

- Hægt að finna allar upplýsingar um réttindi, iðgjaldagreiðslur, stöðu lána, sjóðfélagayfirlit o.fl. á [vef sjóðfélaga](#).
- Á [launagreiðendavef](#) eru allar upplýsingar um iðgjaldaskil.
- Allar umsóknir sjóðsins eru á [umsóknarvef](#). Hægt er að skila inn öllum umsóknum nema vegna sjóðfélagalána með rafrænum skilríkum. Umsóknir vegna sjóðfélagalána og önnur gögn má senda í tölvupósti á netfangið [lan@stapi.is](mailto:lan@stapi.is).
- Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti á [stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is).





---

Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað.

*Afgreiðslutími skrifstofu:*

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 12:00–15:00.

Sími: 460 4500 | [www.stapi.is](http://www.stapi.is) | [stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is)